

## Próftafla og umsóknir nemenda um breytingar

Eins og þið vitið munu öll lokapróf verða haldin í Innu þessa önnina. Það er mjög mikilvægt að þið fylgið leiðbeiningum kennara um próftöku mjög vel.

Ég vil vekja athygli ykkar á uppfærðum prófreglum skólans, en þær taka nú einnig til lokaprófa á netinu. Nýju reglurnar eru svohljóðandi:

### Reglur um heimapróf

1. Heimapróf eru rafræn og fara fram í gegnum rafrænt kennsluumhverfi.
2. Um leið og nemandi byrjar að leysa prófið er hann að samþykkja að hlíta reglum um heimapróf.
3. Nemandur eiga að leysa prófið ein og öll utanaðkomandi hjálp er óheimil með öllu.
4. Nemandi staðfestir í upphafi prófs að hann leysi prófið án utanaðkomandi hjálpar og samþykkir þar með að hlíta þeim reglum sem um prófið gilda.
5. Öll notkun samskiptamiðla er óheimil á meðan á prófi stendur.
6. Nemanda bera að virða þær reglur sem kennari setur um hvaða hjálpargögn eru heimil í prófinu.
7. Nemandi ber ábyrgð á því að skila prófúrlausn á réttum tíma og samkvæmt fyrirmælum kennara, þ.e. t.d. á hvaða formi og í gegnum hvaða rafrænu miðla.
8. Nemandi sem er forfallaður í prófi hefur ekki heimild til að opna prófið. Ef próf er opnað telst það vera próftilraun.
9. Nemandi sem ekki treystir sér til að þreyta heimapróf á eigin heimili getur haft samband við náms- og starfsráðgjafa og óskað eftir því að leysa prófið í húsnaði skólans.
10. Í munnlegum prófum þar sem nemandur þreyta próf ein verða þau að vera í mynd og með hljóðnema virkan.

Allar prófreglur má finna hér: <https://www.mh.is/is/namid/prof/profreglur>

Prófin munu hefjast kl. 9, 11 eða 13. Öll próf eru merkt klukkutímalöng í próftöflu ykkar á Innu, en kennarar gefa upp nákvæman próftíma í hverjum áfanga fyrir sig.

[Próftaflan](#) er birt á heimasíðu skólans ásamt sjúkraprófstímum. Að þessu sinni býðst öllum nemendum sem eru í tveimur prófum á sama degi að seinka öðru prófinu og taka sjúkraprófið í áfanganum í staðinn. Sjúkrapróf eru haldin tveimur virkum dögum eftir upphaflegt próf kl. 16, nema mánudaginn 14.12., en þá verða þau kl. 9.

Nemendur sem lenda í tveimur prófum á sama tíma verða að taka sjúkrapróf í öðru þeirra, en aðrir mega að sjálfsögðu taka bæði prófin sama dag. Ef breytingar á próftöflu eru nauðsynlegar þurfa nemendur að hafa samband Guðmund Arnlaugsson, prófstjóra ([profstjori@mh.is](mailto:profstjori@mh.is)), og óska eftir breytingu. Nemendur eru beðnir um að tilgreina það próf sem þeir vilja fresta en prófstjóri áskilur sér þann rétt að fresta frekar fjölmennara prófi ef tveir mjög misstórir áfangar rekast á. **Vinsamlegast sækið um fyrir föstudaginn 27. nóvember.**

Gangi ykkur vel.

Guðmundur Arnlaugsson, prófstjóri.